ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
REGISTERS ICELAND

Kæri námsmaður

Reykjavík, 26. febrúar 2018
Tilvísun ÞÍ: 2017070759/4.5

**Efni: Tilkynning til námsmanna á Norðurlöndunum**

Þjóðskrá Íslands tilkynnir hér með breytingar á skráningu námsmanna á Norðurlöndunum á kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningar. Breytingarnar felast í því að umræddir námsmenn þurfa nú að tilkynna sig rafrænt til Þjóðskár Íslands svo hægt sé að taka þá á kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningarnar.

Tilkynninguna skal senda rafrænt á eyðublaðinu K-101 sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar, www.skra.is eða á slóðinni https://www.skra.is/umsoknir/eydublod-umsoknir-og-vottord/stok-vara/?productid=9dbd9af2-0fd1-11e8-944e-005056851dd2 Tilskilið er að framvísa staðfestingu á námsvist. Gert er ráð fyrir því að makar og skyldulið námsmanna tilkynni sig á sama hátt með tilvísun í viðkomandi námsmann. **Senda þarf inn nýja tilkynningu fyrir hverjar sveitarstjórnarkosningar.**

Tilkynningafrestur rennur út á kjördag hverju sinni.

Nánari upplýsingar veitir Árný Guðrún Ólafsdóttir með tölvupósti á ago@skra.is eða í síma 515 5300.

F.h. Þjóðskrár Íslands

Árný Guðrún Ólafsdóttir
*Sérfræðingur*